

**302. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,
mánudaginn 15. júlí 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædis Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta
Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2406278 - Lóðir til úthlutunar 2024

Farið yfir lista yfir þær lóðir sem eru lausar til úthlutunar 2024.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að auglýsa umræddar lóðir til úthlutunar. Ráðið leggur áherslu á góða markaðsetningu á lóðum.

2. 2310284 - Dalbraut 14 - dekljahótel

Tímabundið stöðuleyfi fyrir 5 gáma á Breiðargötu 1A kynnt. Gámarnir eru geymslugámar fyrir dekk og eru í eigu N1. Flytja á umrædda gáma af lóðinni Dalbraut 14 vegna brunahættu.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillögu byggingarfulltrúa um tímabundið stöðuleyfi til áramóta 2024 fyrir fimm gáma á Breiðargötu 1A. Ráðið felur sviðsstjóra frekari úrvinnslu málsins.

3. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - Stílholt 23 og Dalbraut 2

Umsókn NH-2 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreitis vegna Stílholt 23 og Dalbrautar 2. Gert er ráð fyrir byggingu sem stallar sig frá fjórum og upp í tíu hæðir, ásamt bílajakallara. Skipulagslýsing vegna breytingu á deiliskipulagi á Dalbraut 1 og Stílholti 23 var auglýst skv. 2. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 3. júní 2024 til 26. júní 2024. Fimm umsagnir bárust.

Umsagnir lagðar fram og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

4. 2305092 - Kirkjubraut 39 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn NH-5 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Stofnanareitis, vegna Kirkjubraut 39. Verið er að stækka lóðina fram að Kirkjubraut um 269,0 m². Innkeyrsla er staðsett við Háholt í stað Kirkjubrautar. Bílajakallari og rampur er færður í samræmi við nýja innkeyrslu. Eriandið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. júní til og með 5. júlí 2024. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum Háholts 9 og 11, Heiðarbraut 40, Kirkjubraut 37, 48, 50, 51, 52 og 54. Sjö athugasemdir bárust.

Skipulagsfulltrúa er falið að koma með tillögu að svari við athugasemdum.

5. 2403126 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit - Laugabraut 20



Breyting á deiliskipulagi Akatorgsreits, nýjum byggingarreit komið fyrir á lóð Laugabraut 20. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. og 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 22. maí til og með 5. júlí 2024. Ein umsögn og ein athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarsjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt ásamt greinagerð skipulagsfulltrúa við athugasemdum sem bárust vegna breytinganna. Senda skipulagsstofnun og auglýst í b-deild.

6. 2405261 - Bjarkagrund 26 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa Bjarkagrundar 26 um byggingarleyfi í þegar byggðu hverfi. Verið er að stækka húsið út að vestanverðu og setja hæð yfir hluta hússins. Nýtingarhlutfall fer úr 0,20 í 0,35.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu á þeim forsendum að umrædd tillaga samræmist ekki byggðarmynstri hverfisins.

7. 2306145 - Breið - stígalýsing

Tillaga um lýsingu á Breiðina, ásamt kostnaðaráætlun.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsjóra að vinna málið áfram.

8. 24052281 - Fundargerðir starfshóps um skipulag Jaðarsbakkka

Fundargerðir 4. fundar og 5. fundar starfshóps um skipulag á Jaðarsbökkum lagðar fram.

Fundargerðir lagðar fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.